

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands
Fundur 9. janúar 2014
2. fundur

Staðsetning: Kópavogi kl. 20.00-21.53

Mættir: Sigurður Þórir, Ómar, Kristján, Theódór, Daði og Halldór
Boðuð forföll: Davíð

Formaður opnar fundinn

1. Fundargerð síðasta fundar

Ákveðið var að halda opna samráðsfundi um 9v9 og knattspyrnu kvenna - DR

Ákveðið var að hittast í byrjun 2014

Verkum var skipt meðal stjórnarmeðlima

2. Ráðstefna AEFCA

Skýrsla komin inn á KPÍ.is

Umræða um ráðstefnuna í Ístanbúl sem Ómar og Sigurður sóttu fyrir hönd KPÍ og Kristján fyrir Keflavík. 180 þátttakendur.

Nokkrir ágætis fyrirlestrar, flestir inni á netinu.

Rætt um skýrslu Houllier - Ekki fara með meidda leikmenn á HM eða EM, einnig coaching the coaches frá þýskum fyrirlesurum.

Kynning á UEFA training ground. Margt áhugavert og gagnlegt í þessu. Þjálfarar ekki nógu duglegir að notast við þetta og KPÍ ætti að kynna Training Ground betur á Íslandi.

Southampton – Talað um að skapa nánd við leikmenn. Eru með fáar æfingar heilt yfir sem þeir leggja miklar áherslur á. Markvisst ákveðið að gefa sínum strákum séns.

Mjög áhugaverður fyrirlestur um hagræðingu úrslita. Umræða um veðmál í evrópskri knattspyrnu og þar á meðal á Íslandi.

Líklega verður næsta ráðstefna í Rússlandi eða Ítalíu.

Hlé vegna matar

3. Fundir í byrjun desember

Lagðar fram skýrslur af fundunum

9v9

Pátttakendur sammála um að breytinga er þörf en ekki úrlausnir. Ljóst er að vanda verður til verka. 8v8 áhugavert. Samþykkt að Daði og Halldór ræða við KSÍ og skoða fleiri rannsóknir áður en KPÍ ályktar frekar.

Kvennaknattspyrna

Fundur ekki jafn vel sóttur, t.d. aðeins ein kona. Félögin virðast vera að undirbúa ályktun fyrir KSÍ þingið um breytingu á deildarfyrirkomulagi og ákveðið var að KPÍ myndi ekki taka frumkvæðið þaðan.

Varðandi breytingar á 2. flokki lætur Daði bóka að hann telji vandann sem félögin standa frammi fyrir stafa af því að yngri flokka starfi kvenna sé ekki sinnt nægilega vel. Því sé jafnvel verið að nálgast vandann frá öfugum enda. Vanda þurfi umræðu um breytingar á 2. flokki og greina vandann betur. Daði og Theódór ræða við KSÍ og skoða betur.

Samþykkt var eftirfarandi ályktun frá KPÍ.

Nýleg skýrsla Evrópska knattspyrnusambandsins um stöðu kvennaknattspyrnu gefur til kynna að iðkendum hefur fækkað á Íslandi undanfarin ár. Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands hvetur KSÍ til að gera vandaða úttekt á raunverulegum fjölda iðkenda og í framhaldinu setja fram aðgerðir til að snúa við þessari þróun.

Samþykkt var eftirfarandi ályktun frá KPÍ.

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands hvetur KSÍ til að skoða vel hvort taka eigi upp reglur sem takmarka hlutgengi leikmanna yngri en tuttugu ára í keppnisleikjum á vegum KSÍ. Tilgangurinn er að sporna við álagi á unga leikmenn sem geta verið að spila með 2-3 flokkum á sama keppnistímabili. Horfa skuli til aðgerða nágrannaþjóða í þessum efnum, til dæmis skoða reglur sem Danir hafa um að leikmaður sem spili leik með 2. flokki megi ekki spila næsta leik með 3. flokki.

4. Ráðstefna Norðurlandþjóðanna í Englandi

KPÍ fékk 10 pláss, enginn sem skráði sig

KPÍ boðið að senda tvo ef KSÍ gæti styrkt. Niðurstaðan að fara ekki.

Ástæðan gríðarlegur kostnaður. Þótti dýr ráðstefna. 30 fóru af Norðurlöndunum en fækkað hefur í þessar ferðir.

Líklega betra að hafa markvissar ferðir eins og ferð sem farin var til Hollands fyrir nokkrum árum.

5. Það sem á að fylgja með árgjaldinu.

Húfa sem hægt er að breyta í trefil. Mikil ánægja meðal fundarmanna með gripinn. Samþykkt einróma.

6. Ársáætlun

Bikarúrlitaráðstefna KBÍ

Fundarmenn voru sammála því að heppilegra væri að halda eina ráðstefnu í stað tveggja. Yrði betur sótt þar sem þjálfarar hafa hvort eð er ekki margar helgar lausar yfir sumarið. Halda áfram góðu samstarfi við KSÍ. Skoða fyrirkomulagið, hvað hefði gengið vel og hvað ekki.

Ferð erlendis

Ákveðið var að skoða möguleikann á markvissri ferð erlendis, t.d. til Þýskalands eða Belgíu.

Stefnumótunarfund

Rætt var um að halda stefnumótunarfund en ekki tekin ákvörðun.

Belgískir fyrirlesarar

Stefn er að því að fá gesti frá belgíska knattspyrnusambandinu til að halda fyrirlestra og námskeið, á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

7. Önnur mál

Sigurður Þórir ræddi samstarf við KSÍ sem hefur verið gott. Vill fá að skoða hvort hægt sé að auka samstarfið og hvernig þá. Jafnframt að kanna hvernig fjármagn eyrnamerkt bættri þjálfunarmenningu skilar sér á tilætlaða staði. Ætlar að heyra hvernig önnur sambönd á Norðurlöndunum hafa þetta. Sigurður og Ómar halda fund með KSÍ.

Halldór stingur upp á spurningakönnun meðal meðlima KBÍ um félagið, áherslur osfrv. Fundarmenn samþykkir því að framkvæma slíka könnun. Halldór skoðar framkvæmd.

Samþykkt var eftirfarandi ályktun frá KBÍ.

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands fagnar nýbreitni sem Knattspyrnudeild Breiðabliks hefur tekið upp varðandi skilyrði í samningum starfsmanna, þjálfara og leikmanna um að þeir veðji ekki á leiki félagsins, né samstarfsfélaga á borð við Augnablik. Í ljósi þess að veðmál á íslenska knattspyrnuleiki velta sífellt stærri upphæðum og að vandamál tengd slíkri iðju hafa komið upp í nágrannalöndum hvetur KBÍ önnur félög til að fylgja þessu fordæmi og setja sambærileg ákvæði í sína samninga.

Tekið er sérstaklega fram að þetta er í fyrsta sinn sem fundargerðin er unnin á tölvu.

Fundi slitið